

5

**STRANDAVEGUR (643)
UM BJARNARFJARÐARHÁLS
DRANGSNESVEGUR-SVANSHÓLL
KALDRANANESHREPPI**

KYNNING VEGA- OG BRÚARFRAMKVÆMDAR



Júlí 2015

Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar

Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitserðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

STRANDAVEGUR (643)
Um Bjarnarfjarðarháls
Drangsnesvegur-Svanshóll
KALDRANANESHREPPI

Kynning vega- og brúarframkvæmdar



Akureyri

júlí 2015

EFNISYFIRLIT


1	YFIRLIT	2
1.1	ALMENNT.....	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3	MATSSKYLDA.....	3
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	3
1.5	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR.....	3
1.6	RANNSÓKNIR.....	4
1.7	STAÐA SKIPULAGS	4
1.8	NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG ÖNNUR VERNDARSVÆÐI.....	5
1.9	LEYFISVEITENDUR	5
2	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	6
2.1	STAÐHÆTTIR.....	6
2.2	NÚVERANDI VEGUR OG BRÚ	6
2.3	UMFERÐ	8
3	VALKOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING	9
3.1	KOSTIR	9
3.2	FRAMKVÆMDALÝSING.....	9
3.2.1	<i>Vegur og ný brú</i>	9
3.2.2	<i>Efnispörf</i>	10
3.3	FRÁGANGUR.....	11
3.4	VINNUBÚÐIR	12
3.5	MANNAFLAÐÖRF	12
3.6	FRAMKVÆMDATÍMI.....	12
3.7	REKSTUR.....	12
4	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	13
4.1	VEGA- OG BRÚARGERÐ	13
4.2	EFNISTAKA.....	13
4.3	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM.....	13
5	ÁHRIF FRAMKVÆMDAR	14
5.1	MANNLÍF OG ÚTIVIST	14
5.2	LANDSLAG.....	14
5.3	JARÐMYNDANIR OG VATN	15
5.4	MENNINGARMINJAR	15
5.5	GRÓÐURFAR OG FUGLAR.....	15
5.6	LAXFISKAR OG VEIÐI	16
6	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	18
7	NIÐURSTAÐA	19
8	HEIMILDIR	20
9	TEIKNINGAR	20

1 YFIRLIT

1.1 ALMENNT

Eftirfarandi er kynning á bættum vegasamgöngum í sveitarfélaginu Kaldrananeshreppi, Strandasýslu. Til stendur að ný- og endurbyggja um 7,3 km langan vegkafla núverandi Strandavegar (643) um Bjarnarfjarðarháls, frá vegamótum Strandavegar og Drangnesvegur (645) í Steingrímsfirði, að Svanshóli í Bjarnarfirði.

Í tengslum við framkvæmdina verður ný 50 m löng brú byggð á Bjarnarfjarðará og 3 stuttar tengingar gerðar við núverandi vegi í Bjarnarfirði, sjá teikningu 2.



Mynd 1. Staðsetning fyrirhugaðrar framkvæmdar. Svarta strikálínan sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Framkvæmdasvæðið liggur um lönd Bassastaða í Steingrímsfirði og lönd Skarðs, Skarðshjalla, Svanshóls og Odda í Bjarnarfirði.

Efnistaka er að mestu fyrirhuguð úr skeringum og þremur námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins (Teikning 2)

Framkvæmdin er á samgönguáætlun 2015-2018. Áætlað er að verkið hefjist árið 2015 og því ljúki árið 2017.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi lítil umhverfisáhrif en að hún muni stuðla að bættum samgöngum og auknu umferðaröryggi.

1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja greiðari samgöngur og bæta vegasamband á Ströndum. Markmiðið er að auka umferðaröryggi vegfarenda og íbúa svæðisins.

1.3 MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matsskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum. Vegagerðin telur jafnframt að ekki þurfi að kanna matsskyldu framkvæmdarinnar skv. 6 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Eins og áður hefur komið fram er fyrirhuguð vega- og brúargerð í sveitarfélaginu Kaldrananeshreppi. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum, er fyrst og fremst Kaldrananeshreppur og Árneshreppur sem nærsvæði, og Vestfirðir sem heildarsvæði.

Framkvæmdin afmarkast af uppbyggingu vegar og brúar á svæðinu. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur.

Vegsvæði Strandavegar, sem er tengivegur, telst vera 40 m breitt, þ.e. 20 m út frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar verður um 7,3 km langt. Það liggur frá stöð 0 skammt sunnan Hálsögutugils í Steingrímsfirði, að stöð 7290 við Svanshól í Bjarnarfirði. Það verður misbreitt, háð aðstæðum í landslagi. Vegurinn verður uppbyggður en þar sem landið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er bæði hallamikið og hæðótt hefur það í för með sér skeringar meðfram nýjum vegi, bæði ofan og neðan hans.

Við brúarendana mun væntanlegur verktaki þurfa að útbúa athafnasvæði til bráðabirgða og á einstaka stað getur þurft að fara út fyrir framkvæmdasvæðið til að geyma efni tímabundið. Verður það gert í samráði við landeigendur.

Við framkvæmdir sem þessa er almennt miðað við að raska eins litlu svæði og unnt er og verður það ítrekað í útboðsgögnum.

1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Við undirbúning fyrirhugaðrar framkvæmdar hefur Vegagerðin haft samráð við sveitarstjórn Kaldrananeshrepps, Minjavörð Norðurlands vestra, Náttúrustofu Vestfjarða, Veiðimálastofnun og landeigendur á svæðinu. Við áframhaldandi verkhönnun verður haft samráð við eftirtalda aðila:

- **Kaldrananeshrepp**, vegna efnistöku og framkvæmdaleyfis.
- **Fiskistofu**, vegna framkvæmdaleyfis og framkvæmdatíma á svæðinu.
- **Umhverfisstofnun**, um efnistöku og frágang á svæðinu.
- **Landeigendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu
 - Bassastaðir
 - Skarð
 - Skarðshjallar
 - Svanshóll
 - Oddi
- **Veiðifélag Bjarnarfjarðarár**, varðandi framkvæmdatíma á svæðinu.

1.6 RANNSÓKNIR


Eftirfarandi rannsóknir hafa verið gerðar:

- Vegagerðin hefur látið gera efnisrannsóknir á framkvæmdasvæðinu.
- Grundunaraðstæður nýrrar brúar yfir Bjarnarfjarðará hafa verið kannaðar.
- Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið nýja veglínu og þversniðsmælt hana.
- Fornleifaskráning í tengslum við aðalskipulagsgerð sveitarfélagsins liggur fyrir.
- Sérfræðingar Náttúrustofu Vestfjarða hafa mælt stærð votlendis í Bjarnarfirði.
- Sérfræðingar Veiðimálastofnunar hafa rannsakað og metið áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á lífríki Bjarnarfjarðarár.

Vegagerðin álitur ekki þörf á frekari rannsóknum vegna fyrirhugaðrar vega- og brúarframkvæmdar.

1.7 STAÐA SKIPULAGS

Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010–2030 var staðfest 20. október 2011. Á þeim tíma sem aðalskipulagið var í vinnslu var til skoðunar önnur veglína, en sú sem hér er kynnt, og er sú veglína sýnd á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins og eins sjá má á mynd 2.



Mynd 2. Sveitarfélagsuppdráttur (Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010–2030). Rauða línan er nýr vegur samkvæmt staðfestu aðalskipulag Kaldrananeshrepps. Svarta línan er núverandi vegur.

Í greinargerð með aðalskipulaginu er eftirfarandi texti (bls 27):

„vegur nr. 643 mun breytast talsvert þar sem hann liggur yfir Bjarnarfjarðarháls (Bassastaðaháls) (báðar veglínur sýndar, núv. og fyrirh.). Breytingar á veglínu yfir Bjarnarfjarðarháls eru fyrst og fremst neðst á hálsinum norðanverðum. Ástæður þessara breytinga eru einkum þrens konar: (1) að draga úr halla neðst í hálsinum og milda beygju sem þar er, (2) að sneiða framhjá snjóþungum vegkafla og (3) að færa veglínuna á vænlegasta stað gagnvart nýrri brú yfir Bjarnarfjarðará. Þessi vegur verður lagður samkvæmt vegtegund C7 og er því 7,0 m breiður. Ný brú, einnar akreinar stálbitabré með timburgólfi, verður smíðuð á Bjarnarfjarðará.“

Veglínan sem hér er kynnt er í meginráttum eins og sú sem kynnt er í aðalskipulagi Kaldrananeshrepps, nema hvað lega vegar í Bjarnarfirði og brúarstæði yfir Bjarnarfjarðará hnikast lítilega til frá þeirri legu sem sýnd er á aðalskipulagsuppdrætti.

Veglínunni var breytt á umræddu svæði til þess að hlífa votlendi sem þarna er, sem og skógræktarsvæði í landi Svanshóls. Þá hefur sú veglína sem hér er kynnt og efnistaka tengd henni, minna rask í för með sér á umhverfi og lífríki Bjarnarfjarðarár.

1.8 NÁTTÚRUMINJASKRÁ OG ÖNNUR VERNDARSVÆÐI

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er ekkert svæði á náttúruminjaskrá.

Samkvæmt Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 er í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eitt **hverfisverndarsvæði**, þ.e. *Skarðsrétt í Bjarnafirði (Hv3)*. Skarðsrétt er klömbruhlaðin, hringlaga fjárrétt, byggð á árunum 1916-1917 og fjallskilarétt sveitarfélagsins. Í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að Skarðsrétt sé merkilegt mannvirki sem mikilvægt sé að halda við. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru vel utan réttarinnar og munu engin áhrif hafa á hana.

Þá eru tvær friðlýstar fornleifar á tveimur stöðum í nágrenni fyrirhugaðra framkvæmda. Þær eru:

- **Svanshóll.** "Goðahaugur", svo nefndur, á Goðdal. Í greinargerð aðalskipulags Kaldrananeshrepps kemur fram að Goðahaugur sé í landi Goðdals og unnið sé að því að fá þessari þinglýsingu breytt.
- **Klúka.** Gvendarlaug (PM3), hlaðin baðlaug um 100 m norðan við vesturhorn skólans á Laugarhóli.

Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á friðlýstar fornleifar á svæðinu.

1.9 LEYFISVEITENDUR

- Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir vega- og brúargerð og efnistöku til Kaldrananeshrepps, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.
- Öll efnistaka er háð lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig gilda um efnistöku á landi lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörð.
- Samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 þarf samþykki Fiskistofu varðandi framkvæmdir í nágrenni veiðiáa. Leita þarf samþykkis Fiskistofu varðandi brúargerð og malarnám úr áreyrum.
- Samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923, þarf að sækja um leyfi til Orkustofnunar vegna efnistöku úr farvegi Bjarnarfjarðarár.
- Framkvæmdin er háð starfsleyfi sem heilbrigðiseftirlit Vestfjarða veitir vegna efnistöku og vinnubúða. Í gildi er reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, eins og vinnsla jarðefna, vinnubúðir, farandsalerni og -eldhús, aðstöðu fyrir olíuskipti o.fl.
- Samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965, 17. gr. þarf sá sem veldur landspjöllum, með mannvirkjagerð eða á annan hátt, að bæta þau. Í 18. gr. kemur m.a. fram að Landgræðslan eigi að segja fyrir um hvernig þau skuli bæta.
- Samkvæmt skógræktarlögum nr. 3/1955 (II. kafli, 6. gr.) um meðferð skóga og kjarris má ekkert svæði rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra og þá því aðeins að grætt verði upp að nýju jafnstórt svæði.

2 STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 STAÐHÆTTIR

Fyrirhuguð framkvæmd er kennd við **Bjarnarfjarðarháls** í Kaldrananeshreppi, en svo nefnist heiðin milli Steingrímsfjarðar og Bjarnarfjarðar. Ákveðnir hlutar heiðinnar draga þó nafn af bæjunum Steingrímsfjarðarmegin og eru örnefnið *Bassastaðaháls* m.a. merkt í örnefnaskrá Landmælinga Íslands.

Strandavegur, vegnúmer 643, liggur yfir Bjarnarfjarðarháls og er aðalsamgönguleiðin í Bjarnarfjörð og áfram norður á Strandir. Einnig er þó hægt að komst í Bjarnarfjörð eftir Drangsnisvegi (645) sem liggur út Steingrímsfjörð að norðanverðu eftir Selströnd, frá núverandi Strandavegi við Hálsgötugil, og áfram gegnum Drangsnis. Það er þó mun lengri leið en Strandavegur um Bjarnarfjarðarháls, eða tæplega 26 km lengri.

Talað er um *nyrðri* og *syðri* Drangsnisveg, þ.e. Drangsnisveg syðri sem liggur út Steingrímsfjörð, og Drangsnisveg nyrðri sem liggur inn Bjarnarfjörð.

Bjarnarfjarðarháls liggur hæst í 180 m h.y.s. Fjöl mörg vötn og tjarnir eru á hálsinum, stærst er Urriðavötn og í því er silungsveiði.

Bjarnarfjörður er nokkuð breiður dalur, grösugur og víða kjarri vaxinn. Inn af honum ganga Goðdalur og Sunndalur.

Bjarnarfjarðará fellur um Bjarnarfjörð. Bjarnarfjarðará er dragá og hana mynda Goðdalsá og Sunndalsá. Í henni er veiði og er veiðisvæðið um 7 km langt með 25 merktum veiðistöðum. Veiðifélag er um ána.

Þá er víða jarðhiti í Bjarnarfirði sem nýttur er til húshitunar.

2.2 NÚVERANDI VEGUR OG BRÚ

Núverandi Strandavegur sem hér er kynntur hefst við T-vegamót Strandavegar og Drangsnisvegur syðri (645-01) á Selströnd í Steingrímsfirði. Þaðan liggur hann upp á Bjarnarfjarðarháls sunnan Hálsgötugils, þá á milli Reiðgötuvatns og Ögmundarvatns um Bassastaðaháls og síðan í norður undir hlíðum Skarðsfells niður í Bjarnarfjörð. Í Bjarnarfirði, undir Skarðsfelli, er kröpp beygja til suðausturs þaðan sem hann liggur undir hlíðum Bjarnarfjarðarháls að T-vegamótum núverandi Strandavegar og Drangsnisvegur nyrðri. Frá vegamótunum liggur Strandavegur til norðurs yfir Bjarnarfjarðará og í nokkuð krappri beygju til austurs, framhá Svanshóli, Odda, Laugarhóli og Klúku, og áfram norður Strandir allt til Norðurfjarðar.

Vegkaflinn milli Steingrímsfjarðar og Svanshóls í Bjarnarfirði er 8,34 km langur og flokkast sem tengivegur af vegtegund C₇, sem er 7 m breiður vegur. Samkvæmt veggagnabanka Vegagerðarinnar er núverandi vegur þó víðast um 4-5 m breiður. Hann er mjór og hlykkjóttur malarvegur og uppfyllir ekki kröfur í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Hæðarlegu hans er víða ábótavant og er bratt upp á hálsinn Steingrímsfjarðarmegin og niður í Bjarnarfjörðinn. Þá er kröpp beygja á veginum þar sem hann kemur niður af hálsinum á flatlendið sunnan Skarðs. Vegurinn er burðarlítill og er áspungi jafnan takmarkaður á vorin.

Nokkrar tengingar eru á veginum, s.s. vegslóðar inn á heiðina, inn Goðdal og Sunndal, auk tengingar að frístundahúsi.

Núverandi brú á Bjarnarfjarðará var byggð árið 1935. Hún er 34,05 m löng steipt bitabré með timburgólfi og 3,6 m breiðri akbraut. Burðargeta brúarinnar er miðuð við 400 kg/m². Sjá myndir 3-4.



Mynd 3. Núverandi brú yfir Bjarnarfjarðará (Heimild: myndasafn Vegagerðarinnar).



Mynd 4. Núverandi brú á Bjarnarfjarðará, horft í suðurátt (Heimild: myndasafn Vegagerðarinnar).

2.3 UMFERÐ

Umferð á Strandavegi um Bjarnarfjarðarháls má sjá í töflu 1. Umferð hefur ekki verið framreiknuð
Tafla 1. Umferð um Bjarnarfjarðarháls á árunum 2009-2012.

Upplýsingar eru fengnar af heimasíðu Vegagerðarinnar.


Ár	ÁDU	SDU	VDU
2009	68	127	27
2010	74	136	37
2011	55	101	25
2012	57	107	203

ÁDU=Meðalársumferð er meðalfjöldi bíla á sólarhring allt árið

SDU=Sumardagsumferð er meðalfjöldi bíla á sólarhring í júní-september

VDU=Vetrardagsumferð er meðalfjöldi bíla á sólarhring í október-maí

Hvað varðar slys á kaflanum þá voru 3 slys á skráð á árunum 2009-2014. Staðsetningu þeirra má sjá á mynd 5.



Mynd 5. Slys á núverandi Strandavegi um Bjarnarfjarðarháls á árunum 2009-2013 (Heimild: kortasjá Vegagerðarinnar).

3 VALKOSTIR OG FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 KOSTIR

Tveir valkostir voru skoðaðir. Báðir voru kannaðir með hliðsjón af grundun brúar yfir Bjarnarfjarðará. Annars vegar er um að ræða þann valkost sem fyrst var skoðaður og kynntur er í Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030, hins vegar sá kostur sem hér er kynntur og var skoðaður síðar og valinn, m.a. með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Báðir valkostir liggja í sama vegstæði að stöð 5500 í Bjarnarfirði. Breytileiki þeirra felst í staðsetningu vegar og brúar í Bjarnarfirði.

Fyrri valkosturinn felst í vegagerð, m.a. um votlendis- og skógræktarsvæði, og nýju brúarstæði yfir Bjarnarfjarðará við Álfthólma, um 1 km ofan núverandi brúar.

Seinni valkosturinn, og sá sem Vegagerðin leggur hér fram, liggur á og í nágrenni núverandi vegar í Bjarnarfirði og þverar Bjarnarfjarðará um 0,1 km ofan núverandi brúar. Fyrir utan að raska votlendi og skógræktarsvæði minna en fyrri veglínukosturinn, hafa minni áhrif á fornar og nýjar áreyrar Bjarnarfjarðará og lífríki árinna, þá hefur sá valkostur einnig minni áhrif á landslag og minni sjónræn áhrif en fyrri valkosturinn.

3.2 FRAMKVÆMDALÝSING

3.2.1 Vegur og ný brú

Nýr Strandavegur um Bjarnarfjarðarháls verður 7,29 km langur tengivegur og mun liggja út frá nýjum vegamótum Strandavegar og Drangsnisvegur syðri á Selströnd í Steingrímsfirði, um 290 m sunnan núverandi vegamóta.

Fyrstu 2,6 km mun nýr vegur liggja utan núverandi vegar til að draga úr bratta á veginum. Milli stöðva 0-970 er hann í um 100 m fjarlægð hægra megin núverandi vegar og verður nokkuð samfelld skering eftir honum öllum upp á hálsinn. Í stöð 960-980 þverar hann núverandi veg og liggur vinstra megin hans eftir það að stöð 2600. Fylling milli stöðva 2140-2230 mun liggja um mýrardragið Selkollusund í jaðri Reiðgötuvatns. Milli stöðva 2600-4200 er um endurbyggingu á núverandi vegi að ræða og ný veglína fylgir núverandi vegi. Töluverðar fyllingar og skeringar verða á kaflanum til að lagfæra hæðarlegu og auka með því umferðaröryggi. Við brekkubrúnir Bjarnarfjarðar, milli stöðva 4200-5400, liggur nýr vegur af núverandi vegi til austurs niður eftir hlíðum Bjarnarfjarðarháls og niður í Bjarnarfjörð. Milli stöðva 5400-5600 liggur veglína á núverandi vegi í Bjarnarfirði en víkur út af honum og liggur nærri honum en að mestu neðan hans, uns hún sveigir í mjúkum boga að nýju brúarstæði á Bjarnarfjarðará, um 100-120 m ofan núverandi brúar. Frá Bjarnarfjarðará stefnir veglína í átt að núverandi vegi og frá stöð 7100 að útboðsenda í stöð 7290 liggur veglína á núverandi vegi.

Nýr Strandavegur um Bjarnarfjarðarháls, milli Drangsnisvegur Syðri og Drangsnisvegur nyrðri, mun stytta leiðina um 1,02 km.

Í tengslum við framkvæmdina verða gerðar þrjár nýjar vegtengingar :

- Í stöð 4340 verður gerð 100 m löng vegtenging inn á núverandi Strandaveg.
- Í stöð 5320 verður gerð 200 m löng vegtenging inn á núverandi Strandaveg.
- Í stöð 6720 verður gerð 175 m löng vegtenging við Drangsnisveg nyrðri sem að framkvæmdum loknum verða ný vegamót Strandavegar og Drangsnisvegur.

Að framkvæmdum loknum munu lítilsháttar breytingar verða á vegakerfi svæðisins. Þ.e.:

- núverandi Drangsnisvegur syðri í Steingrímsfirði, milli núverandi vegamóta við Strandaveg og nýrra vegamóta Strandavegar og Drangsnisvegur syðri, mun verða hluti Strandavegar, eða um 0,29 km langur kafli.
- núverandi Strandavegur sem liggur út frá stöð 4340 nýrrar veglínu, og inn á hana aftur í stöð 5320, verður tekinn af þjóðvegaskrá. Kafliinn er um 1,8 km langur kafli.

- ný vegamót Strandavegar og Drangnesvegur nyrðri verða í stöð 6720 og um 0,23 km langur kafli núverandi Strandavegar mun að framkvæmdum loknum verða hluti Drangnesvegur nyrðri.

Vegurinn verður lagður samkvæmt vegtegund C₇, sem er 7,0 m breiður vegur með 6,0 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum öxlum. Axlir verða þó breikkaðar þar sem vegrið verða sett upp. Þá verður framkvæmdakaflinn lagður bundnu slitlagi. Hönnunarhraði er yfir 90 km/klst.

Ný brú yfir Bjarnarfjarðará á Strandavegi: Vatnasvið Bjarnarfjarðará er 125 km². Lengd brúar miðast við hönnunarflöð $Q = 250 \text{ m}^3/\text{sek}$.

Gerð er tillaga að 50 m langri, steinsteyptri bitabru í tveimur höfum, 25 m + 25 m, milli stöðva 6830-6880. Brúin er með 2 akreinum og skekkt um 20°. Sjá teikningu 4.

Bygging brúarinnar verður með þeim hætti að sökum mjúkrar undirstöðu þarf að fergja brúarstæðið. Fargið verður látið standa vetrarlangt en lágmarks fergingartími er um 3 mánuðir. Fargið verður fjarlæggt í tvennu lagi, fyrst niður í heppilega hæð vinnuplans en af því verða stauranir, sem brúin mun hvíla á, reknir niður. Brúin verður svo reist og afgangur fergingarefnisins eða vinnuplaníð fjarlæggt.

Á öðrum stöðum þar sem búast má við yfirborðsvatni eða lækjum verða sett ræsi.

3.2.2 Efnispörf

Áætluð efnispörf í verkið er um 180.000 m³. Stór hluti efnis mun koma úr vegskeringum eða um 160.000 m³ en það sem upp á vantar verður tekið úr þremur námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins, þ.e.:

- Náma A - utan Hálsstötu, ofan Drangnesvegur í Steingrímsfirði.
- Náma B - áreyrum Bjarnarfjarðará.
- Hallardalá.

Sjá teikningu 2.

Verktaki má hvergi taka efni til vegagerðar nema úr vegskeringum og tilgreindum námum. Frekari upplýsingar um efnispörf og efnistöku má sjá í töflum 2 og 3 hér fyrir neðan.

Tafla 2. Efnispörf vegagerðar.

	Magn í m ³
Fyllingar og fláafleygar	137.000
Styrktarlag	30.000
Burðarlag	12.000
Rofvörn	400
Slitlag	1.600
Samtals	181.000

Tafla 3: Efnistaka Vegagerðar. Magn er mælt í m³.

	Fyllingar og fláafleygar	Styrktarlag	Burðarlag	Rofvörn	Slitlag	Samtals
Náma A - utan Hálsstötu			6.000			6.000
Náma B - Bjarnarfjarðará		2.000				2.000
Náma C - Hallardalsá	15.000					15.000
Skeringar	122.000	28.000	6.000	400	1.600	158.000
Samtals						181.000

Í Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030, í kafla 2.1.5. um efnistökusvæði, kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að opna ný varanleg efnistökusvæði á skipulagstímabilinu. Vegna vegaf framkvæmda yfir Bjarnarfjarðarháls séu líklegir efnistökusvæði námur á skipulagi, þ.e.a.s.: Náman í Hálsstötu, Á Bjarnarfjarðarhálsi er talið finna megi klappir til vinnslu í fyllingar og burðarlög og jafnvel slítlög og í landi Skarðs og Svanshóls séu áreyrar sem henta vel í neðra burðarlag og fyllingar.

Náma A – utan Hálsstötu

Efnistökusvæðið er klapparhjálli utan Hálsstötu, ofan Drangsnisvegur syðri í Steingrímsfirði. Fyrirhugað er að mala 11.800 m³ í efra burðarlag.

Náma B - Bjarnarfjarðará

Efnistökusvæðið er malareyri í Bjarnarfjarðará. Gert er ráð fyrir að vinnanlegt stál sé að hámarki 1,0 m. Fyrirhugað er að taka um 2000 m³ efnis og nýta það sem þunnt lag ofan á sprengt burðarlag til mýkingar á þeim köflum sem almenn umferð fer um á framkvæmdatíma.

Námuvegur liggur eftir núverandi Strandaveg og um vegslóða inn í Goðdal. Námuveginn þarf e.t.v. að styrkja. Frá stöð 4200 á nýjum vegi og að klapparholtinu er vegur að námunni um 1.9 km langur og frá stöð 5400 er hann um 1.6 km langur.

Náma C - Hallardalsá

Efnistökusvæðið er í framburðarkeilu Hallardalsár, en Hallardalsá er um 1,57 km austan heimreiðar að Svanshóli. Gert er ráð fyrir að taka um 15000 m³ af efni sem notað verður í farg og vinnuþlan í stæði nýrrar brúar á Bjarnardalsá.

Vinnanlegt stál verður að hámarki 1,5 m og hvergi tekið efni niður fyrir árbotninn eins og hann er grynstur þvert á farveginn. Námuvegur, um 220 m langur liggur frá núverandi Strandavegi að efnistökusvæðinu

Áður en efnistaka úr vegskeringum hefst verður öllum lífrænum jarðvegi, sem finnst á svæðinu, ýtt í hauga og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur.

3.3 FRÁGANGUR

Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki sé hætt á jarðvegseyðingu. Þær verða sléttar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis en einnig til að hamla vindrofi. Á grónum svæðum verður reynt að græða upp öll sár og allt jarðrask. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring svo þær verði ekki eins áberandi.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli.

Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar ófrágengnar lengur en nauðsyn krefur. Mold og lífrænu efni verður haldið til haga og notað til frágangs. Ef fjarlægja þarf birkikjarr og lyngmó úr fyrirhuguðu vegsvæði milli stöðva 4200-5400, verður því haldið til haga og það gróðursett í skeringarfláa að framkvæmdum loknum (kafla 5.5).

Ef skógræktarsvæði á Svanshóli raskast vegna framkvæmdarinnar (kafla 5.5) verður það bætt á viðeigandi hátt í samráði við landeigendur.

Leitað verður til Umhverfisstofnunar eftir þörfum um hvernig staðið skuli að uppgræðslu vegsára. Allur frágangur verður í samráði við landeigendur.

Vegtengingar verða aðlagðar að nýjum vegi.

3.4 VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5 MANNAFLAÐÖRF

Á framkvæmdatíma skapast nokkur störf á svæðinu. Reikna má með 15-25 störfum í 2 ár vegna vega- og brúarvinnu, þó færri störfum yfir vetrarmánuðina.

3.6 FRAMKVÆMDATÍMI

Í tillögu til þingsáætlunar Alþingis um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018 er gert ráð fyrir samtals 650 m.kr. til verksins, þ.e. 200 m.kr. árið 2015 og 450 m.kr. árið 2016.

Áætlað er að verkið hefjist sumarið 2015. Fyrri áætlanir miðuðu við að verkinu lyki árið 2016 en nú er orðið ljóst að verklok munu ekki verða fyrr en árið 2017.

3.7 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

Snjómokstur á Strandavegi um Bjarnarfjarðarháls er undir sömu reglu þjónustudeildar Vegagerðarinnar og allur Strandavegurinn norður í Gjögur. Vegurinn er mokaður samkvæmt svokallaðri G-reglu, sem heimilar mokstur 2 daga í viku, haust og vor. Haustið er skilgreint til 1. nóvember og vorið frá 20. mars. Drangnesvegur er þó mokaður oft.

Samkvæmt rekstrarstjóra Vegagerðarinnar á Hólmavík er snjóþyngsta svæðið á þeim kafla um Bjarnarfjarðarháls sem hér er fjallað um frá Skarði í Bjarnarfirði og að vegamótum Strandavegar og Drangnesvegar. Þá eru einnig erfiðir snjósofnunarstaðir Steingrímsfjarðarmegin, frá vegamótum Strandavegar og Drangnesvegar að hæð vestan Selkollusunds.

4 UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þeir þættir sem almennt eru líklegir til að valda umhverfisáhrifum við vegaframkvæmdir:

4.1 VEGA- OG BRÚARGERÐ

Umhverfisáhrif vega- og brúargerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, lengd brúa, stærð vegsvæðis og frágangi.

Um er að ræða bæði ný- og endurbyggingu núverandi vegar. Helstu áhrif vegna byggingar vegarins, vegtenginga og nýrrar brúar yfir Bjarnarfjarðará á Strandavegi felast í bættum samgöngum og auknu umferðaröryggi. Einnig verða lítilsháttar breytingar á landi þar sem vegurinn víkur út af núverandi vegi.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Brúarframkvæmd getur haft áhrif á lífríki og veiði. Uppbygging og rekstur vegar og brúar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir hafa sjónræn áhrif og geta markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur og brú eru hönnuð til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útvist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð veg- og brúarlagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.2 EFNISTAKA

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

4.3 UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að ný- og endurbyggður vegur um Bjarnarfjarðarháls og ný brú yfir Bjarnarfjarðará myndu hafa veruleg áhrif á umhverfið.

Vegagerðin álitur að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg, framkvæmdin er að hluta til á svæði sem þegar hefur verið raskað og efnistaka úr Bjarnarfjarðará verður í samráði við landeigendur og veiðifélag Bjarnarfjarðará, og með leyfi Fiskistofu og Orkustofnunar.

5 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

5.1 MANNLÍF OG ÚTIVIST

Að Bassastöðum í Steingrímsfirði er stundaður hefðbundinn búskapur með sauðfjárrækt.

Í Bjarnarfirði er skógrækt á Svanshóli, Bakka og Klúku. Á Skarði er frístundahús og er íbúðarhús á Hóli nýtt sem frístundahús. Hefðbundinn búskapur með sauðfjárrækt er á Odda. Ferðapjónusta er á Klúku og Laugarhóli þar sem er sundlaug, veitingasala og gott tjaldsvæði. Þá er töluvert umferð ferðamanna á leiðinni norður í Árneshrepp.

Samkvæmt Aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 er svæði fyrir frístundabyggð samþykkt í landi Klúku í Bjarnarfirði auk þess sem tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Svanshóls er nú í afgreiðsluferli. Þá er gert ráð fyrir frístundabyggð í landi Bassastaða, töluvert sunnan við núverandi veg upp á Bjarnarfjarðarháls, og tveimur svæðum undir frístundabyggð í landi Skarðs.

Áhrif á mannlíf og útivist

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast lítilsháttar vegna umferðar þungra vinnuvéla. Vegfarendur og íbúar við Strandaveg, auk veiðimanna við Bjarnarfjarðará, munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Ef þörf verður á tímabundinni lokun á framkvæmdatíma er sá möguleiki fyrir hendi að beina umferðinni um Drangsnisveg.

Framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma.

Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari og betri vegar og minni rykmengunar við veiðistaði. Búast má við aukinni umferð ferðamanna um svæðið með bættum vegasamgöngum.

Þá er gert ráð fyrir að framkvæmdin skapi nokkur störf á svæðinu.

5.2 LANDSLAG

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjölbreytt að lögun og flokkast sem samsett landslag skv. skilgreiningu í leiðbeiningariti um námur, efnistöku og frágang.

Steingrímsfjarðarmegin mun nýr vegur liggja um hálfgróin malarholt, víða með tjörnum og mýrardrögum. Á kafla þar sem hann mun liggja um óraskað svæði niður í Bjarnarfjörð er birkikjarr með lyngmóa en á láglandinu neðan þess er hann í nágrenni núverandi vegar uns hann þverar Bjarnarfjarðará skammt ofan núverandi brúar.

Norðan Bjarnarfjarðarár liggur vegurinn á stuttum kafla um framræstar mýrar í landi Svanshóls uns hann kemur aftur inn á núverandi veg.

Í Bjarnarfirði ber landslagið sterk einkenni af landbúnaði.

Til að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst var við hönnun nýs vegar og brúar reynt að aðlaga mannvirkin sem best að landslagi.

Áhrif á landslag

Landslaginu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað með núverandi vegi, brú og efnistöku. Þá er skógrækt hafin á jörðum í Bjarnarfirði.

Að framkvæmdum loknum verður landslagsmyndin breytt á þeim stöðum þar sem nýr vegur mun liggja um nýtt vegsvæði. Á láglandi Bjarnarfjarðar munu bæði nýr vegur og brú liggja nærri núverandi mannvirkjum, sem dregur úr áhrifum framkvæmdarinnar á landslag.

Framkvæmdin telst á heildina litið ekki hafa veruleg áhrif á landslagið, hvorki á námusvæðum né þar sem nýr vegur og brú munu liggja.

Gengið verður frá vegsvæði og efnistökusvæðum svo þau falli vel að landi og í samráði við fagaðila. Núverandi brú á Bjarnarfjarðará verður fjarlægð og kaflar núverandi vegar, sem ekki nýtast að framkvæmdun loknum, verða einnig fjarlægðir. Svæðið verður jafnað og grætt upp.

Reiknað er með að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa nokkuð fljótt.

5.3 JARÐMYNDANIR OG VATN

Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni hefur skoðað fyrirhugað framkvæmdasvæði með tilliti til merkra jarðmyndana.

Efnistaka er aðallega í skeringar við veg og þá í hraunklappir blágrýtismyndunar sem ekki njóta sérstakrar verndar. Lítilsháttar efnistaka er fyrirhuguð úr Bjarnarfjarðará, en hún telst með meðal verndargildi samkvæmt verndarflokkun Vegagerðarinnar. Þá er fyrirhuguð efnistaka úr Halladalsá, en hún er ekki veiðia og því með lágt verndargildi (sjá www.namur.is).

Stærsta vatnsfallið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er Bjarnarfjarðará. Önnur vatnsföll á svæðinu eru óveruleg.

Töluvert votlendi er meðfram Bjarnarfjarðará en fyrirhuguð framkvæmd mun að mestu liggja utan þess.

Áhrif á jarðmyndanir og vatn

Framkvæmdin mun hafa hverfandi áhrif á jarðmyndanir.

Vegagerðin áltur að framkvæmdin muni hafa hverfandi áhrif á vatnsbúskap á svæðinu. Grugg í Bjarnarfjarðará kann að aukast tímabundið á framkvæmdatíma vegna efnistöku og brúarbyggingar. Einnig gæti grugg við efnistöku úr Halladalsá skilað sér út í Bjarnarfjarðará.

Veiðimálastofnun hefur gert rannsókn á lífríki Bjarnarfjarðará. Þar kemur m.a. fram að uppeldisskilyrði fyrir lax séu ekki mikil á framkvæmdasvæðinu en nokkur fyrir bleikju. Farvegur árinna er nokkuð óstöðugur víða á svæðinu með miklum framburði efna auk þess sem áin færast til. Það getur haft neikvæð áhrif á seiðaframleiðslu. Samráð verður haft við hagsmunaaðila árinna og sótt um framkvæmdaleyfi til Fiskistofu.

Vegagerðin áltur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

5.4 MENNINGARMINJAR

Skráning fornminja í Kaldrananeshreppi liggur fyrir og sá Fornleifastofnun Íslands um skráninguna. Niðurstöður skráningarinnar má finna í skýrslu Fornleifastofnunar sem ber heitið:

Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi, Strandasýslu (Fornleifastofnun Íslands, FS185-99133).

Haft hefur verið samráð við Ragnar Edvardsson fornleifafræðing, sem sá um skráningu á svæðinu, og telur hann að ekki séu neinar fornminjar innan áhrifsvæðis fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Áhrif á fornminjar

Talið er að framkvæmdin hafi hverfandi áhrif á fornleifar á svæðinu.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis.

Ef áður ókunnar fornleifar finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þarf að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands í samræmi við 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012.

5.5 GRÓÐURFAR OG FUGLAR

Vegagerðin fékk Náttúrustofu Vestfjarða til að kanna hvort ný veglína færi yfir votlendi eða tjarnir sem féllu undir 37. gr. náttúrverndarlaga nr. 44/1999.

Gróðurlendi frá stöð 4200 og útboðsenda við Svanshól var skoðað. Eftirfarandi texti byggir að hluta til á minnisblaði Náttúrustofu Vestfjarða um votlendi í veglínu í Bjarnarfirði:

Frá stöð 4200 og niður að núverandi vegi í Bjarnarfirði liggur veglína fyrst um lyngmóa með fjalldrapa og víði ásamt bláberjalyngi og krækilyngi. Þá tekur við birkikjarr með lyngmóa inn á milli, sjá mynd 6.



Mynd 6. Gróðurlendi þar sem ný veglína kemur til með að liggja (Ljósmynd: Hafdís Sturlaugsdóttir, Náttúrustofu Vestfjarða, 2014)

Meðfram Bjarnarfjarðará er votlendi með mýrarstör, klóffu og fjalldrapa. Norðan Bjarnarfjarðará, í landi Svanshóls, er skógrækt með furu.

Engar rannsóknir hafa farið fram á fuglum á svæðinu.

Áhrif á gróðurfar

Vegurinn mun ekki raska það stóru votlendi að framkvæmdin heyri undir 37. gr. náttúruverndarlaga. Vegurinn mun þó skerða gróðurlendi þar sem hann fer um óraskað og gróið land.

Ef fjarlægja þarf birkikjarr og lyngmóa úr fyrirhuguðu vegsvæði milli stöðva 4200-5400, verður því haldið til haga og það gróðursett í skeringarfláa að framkvæmdum loknum.

Við frágang verða svæði sem raskast meðfram vegi grædd upp.

Áhrif á fugla

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg.


5.6 LAXFISKAR OG VEIÐI

Nýr vegur og brú mun liggja yfir Bjarnarfjarðará, sem er aðallega sjóbleikjuá.

Á NAT veiðivefnum www.nat.is kemur fram að áin sé fremur stutt en til hennar falli Sunndalsá og Goðdalsá, sem eru ár nokkuð langt að komnar miðað við ár á Vestfjarðarkjálkanum.

Veiðisvæðið er um 7 km og nær frá ósi upp að ármótum Sunndalsár og Goðdalsár, sjá mynd 7.

Merkir veiðistaðir eru 25 talsins, með hækkandi númeri frá ósi og upp að ármótum Goðdalsár/Sunndalsár, sjá mynd. Veiðistaður 10 liggur nærri nýju brúarstæði auk þess sem náma A í Bjarnarfjarðará er fyrirhuguð við veiðistað 18 og 19.



Mynd 7. Kort af veiðistöðum í Bjarnarfjarðará á ströndum (Heimild: www.veida.is, júní 2015).

Veiðifélag Bjarnarfjarðará er umsjónaraðili árinna og er vefsíða veiðifélagsins www.bleikja.net. Veiðitímabilið er frá 20. júní-20. september.

Samkvæmt 33. gr. laga um lax- og silungsveiði mun Vegagerðin sækja um framkvæmdaleyfi til Fiskistofu vegna byggingar nýrrar brúar yfir Bjarnarfjarðará.

Áhrif á lífríki Bjarnarfjarðará

Við byggingu nýrrar brúar má búast við að grugg í ánni aukast staðbundið og tímabundið. Efnistaka úr áreyrum Bjarnarfjarðará verður utan veiðitíma til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki árinna en alltaf má þó gera ráð fyrir að rask í ánni kunni að hafa í för með sér að eitthvað af seiðum og smádýrum drepist.

Sérfræðingar Veiðimálastofnunar gerðu rannsókn á lífríki árinna haustið 2014. Bús væði laxfiska voru metin og seiðapéttleiki kannaður. Í greinargerð og álitum sem Veiðimálastofnun sendi Vegagerðinni þann 12. júní 2015 kemur fram að æskilegt sé að efnistaka úr áreyrum Bjarnarfjarðará verði ekki undir vatnsyfirborði til að draga úr líkum á farvegsbreytingum og botnskriði. Sótt verður um framkvæmdaleyfi til Fiskistofu áður en framkvæmdir hefjast.

6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegsvæðið sjálft þar sem það er mögulegt. Nýr vegur verður hannaður þannig að hann falli sem best að landslagi. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst.

Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið. M.a. verður allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námum.

Til að draga úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á laxfiska í Bjarnarfjarðará mun Vegagerðin í útboðsgögnum um framkvæmd verksins, ítreka ábyrgð verktaka gagnvart mengunarreglugerð (nr. 48/1994 með síðari breytingum).

Í útboðsgögnum mun m.a. koma fram að ekki verði leyft að geyma mengandi efni eða reisa vinnubúðir á bökkum Bjarnarfjarðará.

Varðandi vinnubúðir verður í útboðsgögnum farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda. Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olúsmit frá þeim. Einnig verða kröfur um að ekki sé olúsmit á þöllum efnisflutningabíla við vinnu í nágrenni árinna.

Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.

Vegtengingar verða lagaðar að nýrri legu vegarins. Landeigendum verður greitt fyrir land sem fer undir nýjan veg og efnistöku úr námum.

Girt verður að nýju þar sem hróflað verður við girðingum meðfram veginum.

Þar sem nýir vegir liggja utan núverandi vega munu þeir verða jafnaðir út og sáð í kanta, eftir því sem við á.

Núverandi brú yfir Bjarnarfjarðará verður fjarlægð að framkvæmdum loknum.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við minjavörð Vestfjarða um aðgerðir.

Náttúrustofa Vestfjarða hefur metið stærð votlendis á svæðinu.

Umsögn sérfræðinga Veiðimálastofnunar vegna efnistöku og brúarbyggingar yfir Bjarnarfjarðará liggur fyrir.

Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

7 NIÐURSTAÐA

Nýr vegur, um 7,3 km langur verður byggður yfir Bjarnarfjarðarháls að Svanshóli. Byggð verður ný tvíbreið brú yfir Bjarnarfjarðará, um 0,13 km ofan núverandi brúar, auk þriggja minniháttar vegtenginga.

Nýr vegur kemur í stað núverandi vegar, sem er mjór malarvegur og með óviðundandi hæðar- og planlegu. Núverandi brú er einbreið og byggð árið 1935.

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufer svæðisins verði óveruleg. Reynt verður að fella brúna og veginn að landslagi eins og hægt er, þannig að framkvæmdin uppfylli öryggiskröfur Vegagerðarinnar.

Neikvæð áhrif framkvæmdarinnar eru aðallega á landnotkun og gróður. Við framkvæmdina mun gróðurlendi skerðast og landslagsmyndin breytast lítilsháttar. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

Mögulegt er að grugg í Bjarnarfjarðará aukist tímabundið við framkvæmdasvæðið.

Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi. Með betri legu vegar verður komin góð og greiðfær leið milli Steingrímsfjarðar og Bjarnarfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls.

Vegagerðin telur að þessi vegaf framkvæmd og efnistaka henni samfara muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Til að áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

8 HEIMILDIR

1. Fornleifastofnun Íslands, 2005: Fornleifaskráning í Kaldrananeshreppi Strandasýslu. FS185-99133, Reykjavík.
2. Guðrún Jóhannesdóttir (ritstjóri), 2011: Áhættuskoðun Almanna- og Svefnáttúruverndar. Ríkislögreglustjóri, Almanna- og Svefnáttúruverndar. Ríkislögreglustjóri, Almanna- og Svefnáttúruverndar.
3. Náttúrustofa Vestfjarða, 2014 Minnisblað um votlendi í veglínu í Bjarnarfirði. Hafdís Sturlaugsdóttir
4. Umhverfisstofnun, 2003: Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Unnið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík
5. Veghönnunardeild, 2010: Leiðbeiningar um hönnun vega.

Heimasíður:

1. www.fmr.is, júní 2014. Heimasíða Fasteignamats ríkisins.
2. www.nat.is, júní 2014. Nordic Adventure Travel (Norðurferðir). Íslenskur menningar- og upplýsingavefur. Upplýsingar um Vestfirði-Strandir.
3. www.namur.is, júní 2015. Vefsíða um efnistöku og frágang.
4. www.ust.is, 2014 Umhverfisstofnun. Upplýsingar um friðslýst svæði, náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun.
5. www.angling.is, 2014 Heimasíða landssambands veiðifélaga.
6. www.veida.is, 2015 Óháður vettvangur veiðileyfasala. Kort af veiðistöðum í Bjarnarfjarðará á ströndum

9 TEIKNINGAR

- | | |
|---------------------------------|-------------------------------------|
| Teikning 1. Vegagerðin, (2014): | Afstöðumynd, mkv. 1:400.000. |
| Teikning 2. Vegagerðin, (2014): | Yfirlitsmynd, mkv. 1:25.000 |
| Teikning 3. Vegagerðin, (2012): | Grunnmynd, mkv. 1:10.000 5 stk. |
| Teikning 4. Vegagerðin, (2015): | Yfirlitsmynd af yfirbyggingu brúar. |